

Föstudaginn 29. júní 1990.

Nr. 407/1989. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Kristófer Þorleifssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Framhaldsrannsókn. Opinbert mál.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Sakarefni máls þessa lýtur að reikningsgerð ákærða fyrir lækniþjónustu og færslu í sjúkraskrá. Reikningar þeir, sem um ræðir, eru ritaðir á þar til gerð eyðublöð. Hefur sýnishorn þeirra verið lagt fyrir Hæstarétt. Um er að ræða þrjú blöð fest saman, hið fremsta er grænt og nefnist „reikningur - eintak samlags“, í miðju er hvítt blað, nefnt „samskiptaseðill“ og aftast bleikt blað, nefnt „reikningur - afrit læknis“. Reikningseyðublöðin eru samhljóða og þar tilgreind gjaldskrárnúmer, sem merkja skal við og rita verð lækniþjónustunnar. Hins vegar er gert ráð fyrir, að á samskiptaseðilinn séu skráðar fyllri upplýsingar um sjúklinginn, tilefni komu hans, úrlausnir o.fl.

Fyrir Hæstarétt hafa ennfremur verið lagðar vinnuskýrslur frá skoðun á vegum ríkisendurskoðunar, er fram fór í nóvember 1987 í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Læknir frá Tryggingastofnun ríkisins tók þátt í skoðun þessari. Vinnuskýrslur þessar eru um samamburð á tilteknum reikningum ákærða frá janúar og september 1987 við sjúkraskrár. Í I. kafla ákæru er stuðst við skýrslu ríkisendurskoðunar um þessa skoðun.

Við lögreglurannsókn málsins voru reikningar þeir, sem II. kafli ákæru tekur til, bornir saman við sjúkraskrár í heilsugæslustöðvunum í Ólafsvík og á Hellissandi. Þessi rannsókn fór fram 11. febrúar 1988. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 20. febrúar 1988 var ákærði spurður um „afrit af samskiptaseðlum, þar sem tilefni komu kemur fram, lýsing á greiningu og úrvinnsla“, og hvar

þeir væru geymdir. Ákærði kvað þá geymda í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík og tók sérstaklega fram, að „hvíti hluti samskiptaseðilsins“ væri það frumgagn, sem sjúkraskrár væru færðar eftir.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti var fullyrt af hálfu ákærvalds, að þessir samskiptaseðlar hefðu ekki fundist. Af gögnum máls verður hins vegar ekki ráðið, að kannað hafi verið, hvort seðlar þessir væru til, svo að unnt væri að bera þá saman við reikninga ákærða og sjúkraskrár, en á þá kunna að vera ritaðar fyllri upplýsingar en þar koma fram.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir samkvæmt 184. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála nauðsynlegt að ákveða svofellda framhaldsrannsókn í máli þessu:

- 1) Að kanna, hvort framangreindir samskiptaseðlar séu tiltækir. Sé svo, ber að gefa ákærða kost á að fara yfir þá og tjá sig um, hvort þar séu skráðar upplýsingar, er hann telur geta verið til skýringa á reikningsgerð sinni og misræmi reiknings og sjúkraskrár.
- 2) Finnist samskiptaseðlarnir ekki, ber að leita skýringa á því og færa fram gögn um vörslu þeirra.
- 3) Að rannsaka annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framhaldsrannsókn skal fara fram samkvæmt framanskráðu.